



Skólasókn í framhaldsskólum eftir landshlutum og kyni



Myndirnar hér að ofan sýna annars vegar hlutfall 16 ára ungmenna sem settust á skólabekk í framhaldsskóla, þ.e. á þeim aldri sem flestir hefja framhaldsskólanám, og hins vegar hlutfall 19 ára ungmenna á dæmigerðum aldri þegar búast má við að nemendur séu að hefja nám á lokaári til brautskráningar. Um er að ræða þá sem voru í skóla í október 2005. Farið er eftir lögheimili nemenda, ekki staðsetningu skólans þar sem þeir eru skráðir í nám.

Hæsta innritunarhlutfall 16 ára ungmenna var á Norðurlandi vestra, 98%, en lægst á Suðurnesjum og Suðurlandi, 90%. Hæsta hlutfall 19 ára ungmenna var á Vestfirðum, 74%, en Suðurnes skera sig úr með langslægsta hlutfallið, 52%.

Myndin hér að ofan sýnir síðan kynjaskiptingu 19 ára eftir landshlutum sama skólaár. Innritunarhlutfall kvenna var 73% og sveiflast frá 55% á Suðurnesjum upp í 83% á Vestfirðum. Innritunarhlutfall karla var 66% og sveiflast frá 49% á Suðurnesjum og upp í 70% á höfuðborgarsvæðinu utan Reykjavíkur. Athygli vekur sá mikli munur sem er á hlutföllum kynjanna á Vestfirðum eða 20%.



Bandarísk bókaþjóf

Sendiherra Bandaríkjanna, Carol van Voorst, afhenti Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra ríflega 4500 barnabækur á ensku við athöfn í menntamálaráðuneyti miðvikudaginn 7. febrúar sl. Bækurnar eru gefnar út af bandaríska útgáfufyrirtækinu Scholastic, sem er stærsti útgáfandi barnabóka í heiminum. Á myndinni eru Ingibjörg Ásgeirsdóttir, forstjóri Námsgagnastofnunar, Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir og Carol van Voorst.

Almenningsbókasöfn í þekkingarsamfélaginu

Menntamálaráðuneyti hefur í samvinnu við önnur bókasafnafyrirvöld á Norðurlöndum gefið út ritið „Public libraries in the knowledge society“ (Almenningsbókasöfn í þekkingarsamfélaginu). Í bókinni er reynt að

varpa ljósi á þá þróun sem átt hefur sér stað í norrænum bókasöfnum, sérstaklega hjá almenningsbókasöfnum. Greinum í bókinni er skipt í fjóra höfuðkafla eftir efni og fjalla m.a. um safnkost, bæði efnislegan og rafrænan, nýjar bókasafnabyggingar og hlutverk bókavarda. Þrjár greinar eru frá Íslandi í ritinu. Ein fjallar um landskerfið Gegni, önnur um landsaðgang að tímaritum og sú þriðja um Nyheima á Hornarfirði.

Krökkum líður betur í skóla

Ráðgjafaryrirtækið *Rannsókn og greining* kynnti nýverið niðurstöður rannsóknarinnar *Ungt fólk 2006* þar sem 9. og 10. bekkingar landsins voru spurðir út í lífshætti sína, menntun, menningu, tómstundir og íþróttaiðkun.

Mats- og greiningarsvið í menntamálaráðuneyti hefur kynnt sér rannsóknina og les ýmislegt jákvætt út úr henni. Það kemur í ljós að krökkunum líður sífellt betur í skóla. Árið 2006 sögðu um 80% að þeim líði nær aldrei illa í skóla, hugsa nær aldrei um að hætta í skóla og semji nær aldrei illa við kennara, en árið 1997 voru um það bil 10% færri eða um 70% sem svöruðu með þessum hætti. Þeim sem líður nær alltaf illa í skóla fækkar úr 12% niður í 6,9%. Auk þess hafa samskipti krakka innbyrðis batnað, þau fá meiri umhyggju og hlýju frá sínum jafnöldrum og eyða meiri tíma með þeim.

Þótt í niðurstöðum hafi verið dregin fram tvö atriði sem megi hugsanlega túlka á þann veg að félagslegt taumhald frá foreldrum hafi

minnkað þá virðist ekki hafa verið tekið tillit til annarra þátta sem benda til þess að foreldrar hafi meira taumhald á börnum sínum. Af svörum krakkana má ráða að foreldrar sýna meiri aga og setji skýrari reglur heima við. Foreldrar eru líka ákveðnari í því að setja reglur um útivistartíma. Hugsanlega er þetta ástæðan fyrir því að heldur virðist draga úr partístandi meðal 9. og 10. bekkinga. Árið 1997 fóru tæp 10% krakka í partí einu sinni í viku eða oftar, en eru nú 7,8%, en þeim sem fara nær aldrei í partí hefur fjölgað í 43% úr 30% árið 1997.

Skipun íslensku UNESCO-nefndarinnar

Menntamálaráðherra hefur skipað íslensku UNESCO-nefndina fyrir tímabilið 1.1.2007 - 31.12.2010.

Nefndin er þannig skipuð: Guðný Helgadóttir, deildarstjóri, fulltrúi fyrir menningarmál, formaður. Erla Karlsdóttir, sérfræðingur, ritari. Jóhanna Vigdís Hjaltadóttir, fréttamaður, fulltrúi fyrir fjölmiðlamál. Þórir Ólafsson, sérfræðingur, fulltrúi fyrir menntamál. Hafliði P. Gíslason, prófessor, fulltrúi fyrir vísindamál. Einar Þór Hafberg, læknir, fulltrúi fyrir málefni ungs fólks. Elín Flygenring, sendiherra, fulltrúi utanríkisráðuneytis.

